

Því dæmist rétt vera:

Landamerkjadómurinn á að vera óraskaður.  
ur. Málkostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 44/1901:

Guðmundur Björnsson  
geggn  
W. Ó. Breiðfjörð.

D ó m u r:

Á almennum borgarafundi í Reykjavík, sem haldinn var 17. desbr.mán. 1900 í leikhúsi gagnáfrýjanda, kaupmanns W. Ó. Breiðfjörðs, hélt aðaláfrýjandi, héraðslæknir Guðmundur Björnsson, ræðu, og voru í henni ýmisleg ummæli, sem W. Ó. Breiðfjörð taldi meidandi fyrir sig. Hann höfðaði fyrir því meidyrðamál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Guðmundi Björnssyni, og var það dæmt á bæjarþinginu 4. júlí f. ár, með þeim úrslitum, að ýms af hinum átöldu ummælum voru dæmd dauð og ómerk, að Guðmundur Björnsson var dæmdur til að greiða 60 kr. sekt til landsjóðs, en til vara til að sæta 15 daga einföldu fangelsi og að hann loks var dæmdur til að greiða stefnanda (gagnáfrýjanda) 60 kr. í málskostnað. — Bæjarþingsdómi þessum hefir héraðslæknir Guðmundur Björnsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 16. okt. f. ár, og krafist þess, að dómurinn verði feldur úr gildi, og að hann, aðaláfrýjandi, verði algjörlega sýknaður í málinu, en að stefndi, W. Ó. Breiðfjörð, verði dæmdur til að greiða all-

an málskostnað fyrir báðum réttum. Af sinni hálfu hefir kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð gagnáfrýj- að málinu með stefnu, útgefinni 3. jan. þ. á., og gjört þær réttarkröfur, að sekt aðaláfrýjanda verði hækkuð sem lög frekast leyfa, að öll hin um- stefndu orð og ummæli verði dæmd dauð og ó- merk, og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum réttum með 150 kr., eða einhverju nægilegu eftir réttarins mati.

Ummæli þau, sem gagnáfrýjandi telur að aðaláfrýjandi hafi beint að sér á borgarafundinum 17. desbr. 1900, og gjörð hafa verið að sakarefni, eru þau, að aðaláfrýjandi hafi í ræðu sinni skýrt frá því, að hann hafi skömmu fyrir fundinn átt tal við bæjarfógeta Halldór Daníelsson, og hafi bæjarfógetinn þá sagt, að gagnáfrýjandi hafi um mörg ár haft það fyrir atvinnu, að leggja menn í einelti og rægja þá og ljúga upp á þá óbóta- skömmum; enginu skaffaði sér jafnmikið að gjöra, því að gagnáfrýjandi hefði brotið hverja samþykkt í bænnum, og hafi bæjarfógetinn leyft sér að segja þetta á borgarafundinum. Þá hafi aðaláfrýjandi ennfremur getið þess í ræðu sinni, að hjá Grikkj- um hafi það verið lög, að þegar bæjar- eða þjóð- félaginu stóð háski af einhverjum manni, þá hafi þeir getað hreinsað félagið fyrir slíkum manni, með því að reka hann í burtu, og hafi hann jafn- framt beint þeirri spurningu að fundarmönnum, sem hann óskaði ekki þá þegar svarað, hvort Reykjavíkurbúar mundu heldur gjöra, að hreinsa bæinn með því að reka Sigurð Thoroddsen úr

bænum eða W. Ó. Breiðfjörð, og hafi aðaláfrýjandi með þessu gefið í skyn, að gagnáfrýjandi væri háskalegur maður fyrir bæjarfélagið.

Það verður nú eigi álitid, að þessi spurning aðaláfrýjanda, hvort Reykjavíkurbúar mundu heldur gjöra, að reka Sigurð Thoroddsen eða W. Ó. Breiðfjörð úr bænum, skoðuð í sambandi við söguna sem hann sagði frá Grikkjum, feli í sér saknæma aðdróttun til gagnáfrýjanda eða sé svo lögud, að hún meði ærurétt hans, og verður aðaláfrýjandi því eigi dæmdur fyrir hana. Þar sem aðaláfrýjanda er borið á brýn, að hann hafi sagt eftir bæjarfógetanum, að gagnáfrýjandi hafi brotið hverja samþykkt í bænum, þá er það sannað í málinu, að gagnáfrýjandi hafi brotið svo margar samþykktir bæjarins, sumar þeirra fleirsinnis, að ummæli þessi verða að teljast nægilega réttlætt. En að því er snertir hina fyrstu sakargittina, sem sé að aðaláfrýjandi hafi haft það eftir bæjarfógetanum, að gagnáfrýjandi hafi um mörg ár haft það fyrir atvinnu, að leggja menn í einelti, og rægja þá og ljúga upp á þá óbótaskömmum, þá er það ljóst, að hafi aðaláfrýjandi látið sér þessi orð um munn fara á borgarafundinum, þá hefir hann freklega ærumeitt gagnáfrýjanda. Af hálfu aðaláfrýjanda hefir því verið neitað, að hann hafi sagt þessi orð á fundinum. Þrjú vitni hafa borið það fyrir réttinum, að aðaláfrýjandi hafi talað áminst orð á fundinum. Að vísu hefir einu vitni verið hnekt samkvæmt N. L. 1—13—16, en hin tvö vitnin hafa eigi verið vefngd með rökum, og

hefir framburður þeirra verið tekinn jafngildur sem eiðfestur væri. Á hinn bóginn hafa tvö önnur vitni borið það, að þau hafi verið á borgarafundinum, heyrt alla ræðu aðaláfrýjanda, en ekki heyrt hann viðhafa hin átöldu orð, og í skriflegum vottorðum hafa vitni þessi sagt, að aðaláfrýjanda hafi eigi farist þannig orð (s: eins og hann er sakaður um). Þessir vitnisburðir, sem hafa verið teknir jafngildir sem eiðfestir væru, veikja svo sönnunargildi vitna þeirra, er fram eru komin af hálfu gagnáfrýjanda, að það verður eigi álitíð, að hann hafi sannað til fullnustu sakargift sína, og þykir þá rétt að úrslit málsins verði látin vera komin undir eiði aðaláfrýjanda, þannig, að ef hann synjar fyrir það með eiði, að hann hafi viðhaft áminst ummæli á borgarafundinum, þá á hann að vera sýkn fyrir kærum og kröfum gagnáfrýjanda, og skal málskostnaður þá falla niður; en vinni hann eigi þennan eið, skulu hin átöldu ummæli vera dauð og ómerk, aðaláfrýjandi sæti sekt fyrir þau, er ákveðst eins og í héraðsdóminum 60 kr., og renni í landssjóð, en til vara sæti hann 12 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi greiðist öll innan ákveðins tíma. Svo greiði hann og þá gagnáfrýjanda 80 kr. sem málskostnað fyrir báðum dómum.

Því dæmist rétt vera:

Svo framarlega aðaláfrýjandi, Guðmundur héraðslæknir Björnsson, eftir löglega málsmeðterð á varnarþingi sínu synjar fyrir það með

eíði, að hann hafi á borgarafundi í Reykjavík, í leikhúsi gagnáfrýjanda, hinn 17. desemberm. árið 1900, talað þau orð, að bæjarfógeti Halldór Danielsson hafi sagt við sig »að gagnáfrýjandi W. Ó. Breiðfjörð hafi í mörg ár haft það fyrir atvinnu, að leggja menn í einelti og rægja þá og ljúga upp á þá óbótaskömmum«, — þá skal hann vera sýkn fyrir kærnum og kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu, og skal málskostnaður þá falla niður. En vinni aðaláfrýjandi eigi svofeldan synjunareid, skal hann greiða sekt í lands-sjóð 60 — sextíu — krónur, eða sæta 12 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma, svo og í málskostnað til gagnáfrýjanda 80 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. ágústmánaðar.

Nr. 21/1902:

Híð opinbera  
gegn

Siggeiri Torfasyni.

D ó m u r:

Í máli þessu er kærði, Siggeir kaupmaður Torfason í Reykjavík, sakaður um brot gegn 4. gr. laga 11. nóv. 1899, um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi, en með lögregluréttar-